

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Fundargerð NVÞ_5-2018

14. nóvember 2018

Viðstaddir á skype: Þorkell Lindberg Þórarinsson, formaður, Daníel Hansen og Arna Hjörleifsdóttir sem ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 16:00

Dagskrá:

1. *Lýsing vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 og deiliskipulagi Kröfluvirkjunar.*

Erindi frá Skútustaðahreppi vegna áforma á breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2013 með breytttri legu Kröflulínu 3 og nýjum efnistökusvæðum hennar. Jafnframt breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar. Nefndin veitir eftirfarandi umsögn:

Í kafla 5.3 í skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps og deiliskipulagi Kröfluvirkjunar eru taldir upp þeir umhverfisþættir sem unnið verður áhrifamat á. Náttúruverndarnefndin telur að í mati á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar þurfi auk þeirra þátta að gera grein fyrir áhrifum á dýralíf og gróður.

Nefndin gerir ekki fleiri athugasemdir á þessu stigi málsins.

2. *Önnur mál*

- a. Ársfundur Umhverfisstofnunar, náttúruverndarnefnda og forstöðumanna náttúrustofa.
- b. Tillögur að friðlýsingum á starfssvæði nefndarinnar
Ákveðið að taka málefnið fyrir á næsta fundi nefndarinnar í desember.

Fundi slitið 16:40.